

EYSTRAHORN

17.tbl. 41. árgangur

11.mái 2023

www.eystrahorn.is



Laufey Hafsteinsdóttir

HAFNARKIRKJA



Sunnudaginn 14. maí
Sumar sunnudagaskóli kl. 11:00

-Síðasti sunnudagaskóli fyrir
sumarfri-

Saga, söngur og fleira
skemmtilegt.

Grillaðar pylsur og útifjör eftir
stundina.

Allir velkomnir.

Afmæli



Í tilefni af 90 ára afmæli mínu þann 17. maí n.k langar mig til að fagna því með því að bjóða upp á kaffi og meðlæti, laugardaginn 13. maí frá klukkan 14:30-17:00 í Ekrusal. Afmælisgjafir vinsamlegast afþakkaðar. Allir velkomnir

Örn Eriksen



Aðalfundarboð

Aðalfundur FSS verður haldinn á Hótel Berjaya við Ránarslóð 15. maí 2023 kl 17.00 .

Hefðbundin aðalfundarstörf.

Kosning stjórnar.

Önnur mál.

Stjórn FSS



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Endurskoðun gildandi aðalskipulags er hafin og gefst nú tækifæri til að kynna sér verkefnislýsingu fyrir þá vinnu og senda inn ábendingar eða sjónarmið um efni hennar í gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar fyrir 10. júní nk.

Lýsinguna er að finna í skipulagsgáttinni, skipulagsgatt.is og á vef sveitarfélagsins, hornafjordur.is/adalskipulag þar sem einnig er að finna frekari upplýsingar um endurskoðunina.

Pappírútgáfa af lýsingunni er einnig til sýnis á bæjarskrifstofum og bókasafni Hornafjarðar.

Kynning lýsingarinnar er skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Brynja Dögg Ingólfssdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri



FJÁRFEST Í SÓL OG BETRI GÆÐUM



Sunnudaginn 14. maí mun Novus Habitat halda kynningarfund á Höfn í Hornarfirði þar sem hægt verður að fræðast um allt sem máli skiptir varðandi fasteignakaup á Spáni og Tenerife. Fundurinn fer fram á Berayja hóteli á milli kl. 16 og 18.

Íslendingar hafa í auknum mæli fjárfest í fasteignum við Miðjarðarhafið, þar sem njóta má veðurblíðu nánast allan ársins hring, flatmaga á ströndinni eða kynna sér matargerð Spánverja, úr úrvals fersku hráefni á veitingastöðum innfæddra. Óþarfi er að minnast á verðlagið en lífsins gagn og nauðsynjar eru á hagstæðu verði svo ekki sé meira sagt.

Fasteignasalan Novus Habitat býður Íslendingum upp á alhliða aðstoð við val og kaup á fasteign ásamt þjónustu eftir kaupin, á íslenskri tungu. Aðalskrifstofur Novus Habitat eru í Benijófar, suður af Alicante á Spáni en fasteignasalan sérhæfir sig í nýbyggingum á viðfeðmu svæði við suðausturströnd Spánar.

Steina Jónsdóttir er sölustjóri Íslandsdeildar hjá Novus Habitat og sinnir íslenskum viðskiptavinum fyrirtækisins. Hún hefur búið og starfað á Spáni í níttján ár og segist hvergi annars staðar vilja vera. „Hér er ekki eingöngu verið að fjárfesta í fasteigninni sjálfri því hér eru lífsgæðin mikil; birtan og loftslagið gerir okkur gott, og ekki spillir verðlagið og fersk matvaran við Miðjarðarhafið fyrir.

Steina segir fólk kaupa fasteign á Spáni af ýmsum ástæðum. Sumir vilji setjast að á meðan aðrir kaupi hús til vetrardvalar eða

til að nýta í sumarleyfum fjölskyldunnar. „Við bjóðum eingöngu uppá nýjar eignir og spönnum stórt svæði, allt frá Denia í norðri til Mar Menor í suðri, auk Tenerife, sem margir þekkja vel, en þar erum við með framúrskarandi samstarfsaðila sem sinna landanum.

Hún segir vinsælt að kaupa íbúðir í kjörnum sem lokaðir eru af, þar sem sundlaug og garðar eru í sameign. Slíkir kjarnar eru á tveimur til fjórum hæðum og verðin misjöfn eftir hæðum, áttum og útsýni. Jarðhæðareignir hafa eigin garð og efstu hæðir eigin þakverönd. Millihæðir eru með svölum og yfirleitt ódýrustu eignirnar í kjarnanum. Í flestum tilvikum má finna helstu þjónustu í næsta nágrenni en vissulega getur vegalengdin verið misjöfn. Ég leiðbeini fólki með staðsetningu eftir helstu óskum kaupandans. Flestir vilja hafa verslun og veitingastaði í göngufæri en hjá öðrum skiptir það minna máli. Það má geta þess að auðvelt er að aka bifreið um Spán og vegakerfið mjög þægilegt. Auk þess er ódýrt og einfalt að ferðast til nágrennalanda héðan, sé fólk búið að koma sér upp heimili. Það eru góðar flugsamgöngur til flestra Evrópuborga frá Alicante, og yfirleitt á afar hagstæðu verði,“ bætir Steina við.

Steina fluttist búferlum til Spánar árið 2004 ásamt eiginmanni og tveimur dætrum sem í dag eru 28 og 22ja ára. Sú yngsta, sem er 18 ára, er fædd á Spáni. „Það var eiginlega skyndibrjálæði og ævintýraþrá á sínum tíma, að flytja til Spánar og kaupa hús. En hér liður okkur vel, ég er ein með dætrum mínum í dag og við erum óttalegir Spánverjar. Ég segi oft að þessi hugmynd hafi verið skynsamlegasta skyndibrjálæði mitt hingað til. Hér er dásamlegt að vera



og bæði heilbrigðis- og skólakerfi til fyrirmyndar. Dætur mínar hafa alltaf verið ánægðar. Við búum í litlu spænsku þorpi en hér tókum við fullan þátt í menningunni og höfum tileinkað okkur margar hefðir innfæddra. Stelpurnar eru til dæmis fermdar inn í kaþólska trú. Við tókum þátt í samfélaginu hérna, rétt eins og ef við byggjum í Reykjavík.“

Steina segir að það sé sérstaklega skemmtilegt að starfa við að þjóna Íslendingum. „Það var mikil gleði þegar markaðurinn opnaðist aftur og gjalddeyrishöftum var aflétt. Margir höfðu gengið með drauminn í maganum lengi en ekkert getað aðhafst vegna haftanna.“

Þegar hún er spurð hversu mikið fé fólk þurfi að eiga til að fara af stað í að kaupa fasteign á Spáni, svarar Steina: „Við ráðleggjum fólki að reikna með að þurfa að leggja fram 50% af kaupverðinu. Kaupendur geta sótt um veðlán en slíkt lán kemur til afgreiðslu við afsal auk þess sem bæta þarf kostnaði við kaupverðið en sá kostnaður er 10% söluskattur og gjöld sem tengjast þinglýsingu og skráningu og fleiru slíku. Nauðsynlegt er að reikna með 14% kostnaði í það heila. Vegna þessa kostnaðar og greiðsluskilmála almennt, er æskilegt að fólk reikni með að eiga 50% af kaupverði þegar farið er af stað. Síðan er hægt að fjármagna með allt að 70% veðláni, gegn greiðslumati, að sjálfsgöðu. Lánið þarf að vera að fullu greitt þegar lánþegi nær 75 ára aldri. Því eldri sem við erum, því styttri er lánstíminn og afborganir hærri, eins og gefur að skilja. Við leiðbeinum viðskiptavinum í gegnum þetta ferli eins og það leggur sig og eftirsölupþjónustan okkar aðstoðar við húsgagnakaup, internettingar og annað sem nauðsynlegt er að huga að.“ segir Steina.

Kynningarfundurinn á sunnudag er öllum opin og gestir geta kíkt í heimsókn hvenær sem er á milli klukkan 16 og 18. Einnig er í boði að bóka einkafund með Steinu með því að hafa samband við í gegnum netfangið steina@novushabitat.es eða í síma +34 615 698 766. Einnig er hægt að fá góðar upplýsingar á heimasíðunni <https://novushabitat.es/is/>



MÁLFRÍÐUR MALAR

Nú er mér ekki til setunnar boðið deginum lengur. Um kvöldmatarleitið í gær þá sat ég við eldhúsbord hér í sveitarfélaginu (frekar smart eldhúsbord, svona óvalt gert úr alvöru niðursöguðu útlensku tré) og það var ekkert á boðstólum EKKERT! Húsfreyjan hafði farið í Nettó en komið að tómunum kofanum – ekki það að búðin hafi verið lokað og engin manneskja á stjái neeeeci það var enginn matur í búðinni eða í það minnsta mjög lítil matur. Það er nefnilega fullt af einhverju fólki sem leggur það í vana sinn að koma hingað á Höfn sérstaklega til að versla frá okkur allan mat og við neyðumst því mjög oft til að taka mat úr frystinum þegar heim er komið! Huh hver borðar frosinn mat, ég bara spyr?? Ég veit ekkert deginum áður en ég fer í búð að ég þurfi að taka úr frystinum því það er ekki til matur þegar ég mæti í búðina. Varðandi uppsetningu í versluninni hver er eiginlega skipulagsstjóri?? Tannburstar hjá barnamatnum, blóm, mold og kristalvörur eða eldhúshöld í kjötkælinum! Ekki nóg með það heldur er allt yfirfullt af ljótum plastdöllum um öll gólf og jafnvel ofaní pulsukælinum

þegar það rignir. Þetta er eitthvað svo Ó smart og deprimerandi ástand. Það væri hægt að bæta ásýndina með því að setja frekar fallega blómavasa með afskornum blómum í stað þessara ljótu plastdalla, sérstaklega þar sem blómin og vasarnir eru þarna hvort sem er, yrði bara mun smartara heldur en dallarnir. Síðan þarf bara að innleiða svona kerfi eins og þegar ég fæ tilkynningu í símann um einhver tilboð í búðinni. Plíiiiiing – Í dag 10. maí þarftu að taka úr frystinum mat því á morgun þegar þú kemur í búð þá verður allt uppselt!! Ég væri til í svona skilaboð, er ekki hægt að taka þessa hugmynd til skoðunar? Ekki sjá skilaboðin einungis til þess að ég á þiðinn mat daginn eftir (og þarf ekki að borða hann frosinn), heldur bjarga þau einnig umhverfinu ef ég get sleppt því að keyra í búðina með tilheyrandi eiturgufum úr afturendanum á bílnum er það ekki? Með því að fá skilaboðin búðin tóm og þú þarft ekki að keyra í dag í búðina þá björgum við í það minnsta einhverjum lífverum frá bráðum dauða OG jafnvel hægist eitthvað á bráðnun jökla. Er þetta ekki dálítið smart hugmynd??

Málfríður

FORSÆTISRÁÐHERRA HEIMSÆKIR HÖFN

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra var stödd á Höfn föstudaginn 5. maí. Ástæða heimsóknarinnar var til þess að funda með Hornfirðingum um Sjálfbært Ísland. Fundurinn sem var haldinn í Vöruhúsinu var bæði vel sóttur og vel heppnaður. Hér í Hornafirði er unnið af fullum krafti af því að innleiða stefnuna Hornafjörður náttúrulega sem byggir einmitt á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni og það er óhætt að segja að hér er fólk barmafullt af hugmyndum og innblæstri. Katrín heimsótti líka Björgunarfélag Hornafjarðar og Slysavarnadeildina Framtíðina og fræddist um þeirra starf. Eftir fundarhöld morgunsins var Katrín og hennar teymi í fjarvinnu í Ráðhúsinu þangað til þau flugu suður seinnipartinn.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Þakkir

Við í dagdvöl fatlaðra viljum koma á framfæri innilegum þökkum til Kiwanisklúbbsins fyrir höfðinglega gjöf þeirra en seinasta fimmtudag gáfu þeir dagdvölinni veglegt þythokkiborð. Notendur dagdvalar fatlaðra ásamt starfsfólki hafa notað það óspart seinustu daga og mikil gleði og hlátur ómað um húsið.



Fyrir hönd dagdvalar fatlaðra

Bessý Guðmundsdóttir verkefnastjóri virkniúrræða og Sigríður Helga Axeldóttir forstöðumaður stuðnings- og virkniþjónustu



Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir áhugasömum einstaklingum í íbúaráð

Bæjarráð hvetur íbúa í dreifbýli til að gefa kost á sér til þess að starfa í íbúaráði umsóknarfrestur er til 14. maí.

Bæjarráð hefur haft undirbúning að stofnun þriggja íbúaráða og verður skiptingu þeirra háttáð svona:

- Örafi
- Suðursveit og Mýrar
- Nes og Lón

Ákveðið var að hefja vinnuna með því að óska eftir að fólk gefi sig fram til þess að taka þátt í að undirbúa formlega stofnun ráðanna í samráði við starfsfólk sveitarfélagsins.

Gjaldgengir fulltrúar í ráðin eru þeir sem eru 18 ára og eldri sem hafa lögheimili á viðkomandi svæði. Öll sem eru áhugasöm eru hvött til að gefa sig fram við starfsmenn sveitarfélagsins og bjóða fram krafta sína. Greidd verður þóknun fyrir fundarsetu fulltrúa í íbúaráðunum. Nauðsynlegt er að við val á fulltrúum í íbúaráðin verði horft til fjölbreytileika sem endurspeglar samfélagið með tilliti til kynferðis, aldurs, uppruna og annarra samfélagsþátta.

Hlutverki íbúaráða:

- Íbúaráð skulu vinna að auknu íbúalýðræði innan sveitarfélagsins og eru mikilvægur samráðsvettvangur innan Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Að vera formlegur umræðuvettvangur um hagsmunahópa og þjónustu sveitarfélagsins fyrir viðkomandi svæði og stuðla að eflingu félagsauðs.
- Að vera vettvangur samráðs fyrir íbúa, félagasamtök og atvinnulífs á sínu nærsvæði og bæjarstjórnar.
- Að vera vettvangur fyrir íbúa svæðis til að vera virkir þátttakendur í allri stefnumótun Hornafjarðar innan viðkomandi svæðis.
- Íbúaráð skulu vera ráðgefandi fyrir stjórnarsýslu sveitarfélagsins og tengja stjórnkerfið betur að íbúum og nýta þekkingu þeirra í sínu nánasta umhverfi.
- Að gera tillögur til bæjarráðs um starfsemi og þjónustu innan viðkomandi svæðis.

Tillögum og umsóknum skal skilað til Bryndísa Bjarnarson á netfangið bryndis@hornafjordur.is eða afgreidsla@hornafjordur.is fyrir 14. maí.

Staðfesting verður send viðkomandi til baka, einnig er hægt að hringja í 4708000 til að fá nánari upplýsingar.



Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023



N1 Höfn óskar eftir að ráða kraftmikið og þjónustulipurt starfsfólk til framtíðar - og sumarstarfa. Um er að ræða störf í almennri afgreiðslu og veitingastörf. Þjónustustöðin okkar er fjörugur vinnustaður sem iðar af mannlífi frá morgni til kvölds. Unnið er á vöktum.

Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

Menntun- og hæfniskröfur:

- Reglusemi og stundvísi áskilin
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

Fríðindi í starfi

- Aðgangur að Velferðarþjónustu N1
- Afsláttarkjör hjá N1, Krónunni og ELKO
- Sumarstarfsfólk fær glaðning í lok sumars

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Lilja Björg Jónsdóttir**, stöðvarstjóri, hjá liljabjorg@n1.is

Áhugasamir sækji um á www.n1.is – merkt **Höfn**

440 1000 n1.is

N1

ALLA LEIÐ

HVERNIG GETUM VIÐ VIÐHALDIÐ LÍFSGÆÐUM ÞRÁTT FYRIR LANGVINNA VERKI?

Langvinnir verkir geta verið af ýmsum toga og haft viðtæk áhrif á líf fólks. Má þar nefna neikvæð áhrif á svefn, andlega líðan og sjálfsmynd. Einnig upplifir fólk oft mikla þreytu og orkuleysi og hreyfing og virkni minnkar þá gjarnan. Mikilvægt er að hafa í huga að þrátt fyrir langvinna verki er hægt að viðhalda lífsgæðum og sinna því sem fólk þarf og vill. Til þess að viðhalda lífsgæðum og auðvelda framkvæmd daglegra athafna er gagnlegt huga að eftirfarandi:

Orkusparandi aðferðum

- Mikilvægt er að huga að þeirri orku sem við eigum hverju sinni. Hægt er að hugsa sér að á hverjum degi eigum við einn bolla af orku. Ef við klárum bollann okkar um hádegi, fáum við lánað af orkubolla næsta dags, sem verður að lokum vítahringur þreytu og verkja. Hugsa þarf því að:
 - o Jafnvægi á milli hvíldar og framkvæmdar.
 - o Að stilla vinnuhraða í hóf = auðveldara að ljúka daglegum athöfnum.
 - o Gera ráð fyrir hvíld inn á milli = lykillinn að því að hlaða orkuna.
 - o Setjast og hvíla sig
 - að sitja sparar orku við t.d. eldamennsku, að brjóta saman þvott, að klæða sig/börnin sín, setja í uppþvottavél og fl.
 - o Dreifa daglegum athöfnum yfir daginn
 - brjóta upp í smærri verkefni.
 - o Forgangsröðun á þeim athöfnum sem eyða mestri orku en við þurfum að framkvæma:
 - Hvað þarf ég að gera í dag?
 - Hvað langar mig að gera í dag?
 - Hvað get ég geymt til næsta dags?
 - Get ég beðið einhvern annan um að gera eitthvað fyrir mig/með mér?
 - o Nota hjálpartæki, t.d. griptöng, sokkaífaru, sturtustól, hjólastól eða göngugrind þegar við á.

Mikilvægi svefns

•Góður nætursvefn hjálpar/auðveldar okkur

- o að minnka verki (svefnleysi gerir okkur næmari fyrir sársauka)
- o að viðhalda og auka þroska heilans
- o að muna
- o að efla ofnæmiskerfið
- o með sköpun
- o með tilfinningar
- o að leysa vandamál

•Eftirfarandi stuðlar að betri svefngæðum:

- o rétt öndun
- o regluleg hreyfing
- o regla á svefnrútinu – sofna og vakna á sama tíma alla daga
- o dagleg útivera
- o forðast koffín 8 klst. fyrir svefn
- o engin skjánotkun a.m.k. klst. fyrir svefn eða notast við blue blockers gleraugu
- o hitastig í svefnherbergi um 18°

Dæmi um öndunaræfingu sem er gagnleg fyrir svefninn, þegar verkir eru miklir og getur slegið á kvíða:

- 1)venjulegur andardráttur inn um nefið
- 2)venjulegur andardráttur út um nefið
- 3)halda fyrir nefið (halda niðri í sér andanum) telja 5-4-3-2-1
- 4)sleppa, anda venjulega inn og út um nefið
- 5)anda venjulega inn og út um nefið í 10 sek

Endurtaka skref 1-5 nokkrum sinnum.

Líkamsbeitingu

Líkamsbeiting skiptir miklu máli.

Góð líkamsbeiting minnkar streitu og dregur úr verkjum.

Við daglegar athafnir þarf að huga að því að:

Snúa beint að því sem unnið er með; börnum/áhöldum/tölvu.

Hafa handleggi sem næst líkamanum sem minnkar álag á liði.

Spörum ekki mikinn tíma með því að standa langt frá eða á ská við viðfangsefnið hverju sinni, þá aukast líkur á álagsmeiðslum/auknum verkjum.



Mikilvægt er að huga að því að við erum jafn ólík og við erum mörg, ekkert eitt hentar öllum þeim sem glíma við langvinna verki. Hver og einn þarf að prófa sig áfram og finna þau bjargráð sem honum nýtast best hverju sinni til að viðhalda lífsgæðum og virkni í daglegu lífi. Mikilvægast er að velta fyrir sér á hverjum degi: “hvernig ætla ég að framkvæma í dag það sem mér er mikilvægt og með hvaða aðferðum”? Munum að enginn getur allt en allir geta eitthvað.

Eydís Helga Gardarsdóttir, iðjuþjálfari lyflækningadeild HSU



FJÁRFESTINGARÁTAK NÝSKÖPUNARSJÓÐS



- Fjárfesting í sprotafyrirtækjum, sem komin eru stutt á veg í sinni þróun.
- Vantar þinn sprota fjármagn?

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með fjárfestingum í sprotum og styðja við framgang nýsköpunar í samræmi við áherslur stjórnvalda.

Í stefnumótunarvinnu

Nýsköpunarsjóðs haustið 2022 var lagt var mat á fjármögnunarumhverfi nýsköpunarfyrirtækja og með hvaða hætti Nýsköpunarsjóður gæti orðið enn sterkara hreyfið fyrir nýsköpun á Íslandi. Sjóðurinn leggur áherslu á að fjárfesta í félögum snemma í þróunarferli þeirra og þar sem markaðsbrestur kallar eftir aðkomu sjóðsins. Sjóðurinn er þannig ekki í samkeppni við aðra fjárfesta heldur stuðlar að því að brúa bil sprotafyrirtækja og fjárfesta.

Markmið þessa fjárfestingaáttaks er að koma að fjármögnun allt að 15 nýrra

félaga á ári hverju, flýta mótunarskeiði þeirra, þróa trausta stjórnarhætti, og laða samhliða að aðra fjárfesta..

Umgjörð áttaksins

Stefnt er að því að sjóðurinn fjárfesti fyrir allt að 200 m.kr. á ári með þessum hætti næstu árin. Fjármögnun áttaksins byggir á eigin fjármögnun sjóðsins sem er sigrænn og framlagið því háð stöðu hans á hverjum tíma.

Fyrsti áfanginn í þessu átaki kemur til framkvæmda á nú í maí og júní með allt að 100 m.kr. fjárfestingu í nokkrum félögum. Fjárfest verður snemma í félögum, með einföldum hætti en eitt skilyrðanna er mótframlag hluthafa eða nýrra fjárfesta.

Það er skilyrði fyrir fjárfestingu að viðskiptahugmynd félags sé vænleg til vaxtar og útflutnings og byggi á tæknilegri eða markaðslegri nýsköpun. Þá er það til framdráttar að lykiltými félagsins skipi fjölbreyttur hópur með bakgrunn, reynslu og þekkingu sem nýtist vel við framgang félagsins.

Fjárfesting sjóðsins í einstökum félögum verður á bilinu 5 – 25 m.kr., en gerð verður krafa um samsvarandi upphæð frá einkafjárfestum. Hægt verður að velja um tvær leiðir við framkvæmd fjárfestingarinnar, þ.e. með láni með breytirétti í hlutafé eða framvirkum samningi um kaup á hlutafé í anda SAFE samninga.

Nánari upplýsingar og umsóknir

Ólíkt hefðbundnum fjárfestingum Nýsköpunarsjóðs verður í þessu átaki sérstakt umsóknarferli og þurfa félög að sækja um í þessum fyrsta áfanga fyrir 31. maí n.k. Allar nánari upplýsingar um átakið og umsóknarferlið má finna á heimasíðu Nýsköpunarsjóðs www.nyskopun.is/atak.

Miðvikudaginn, 10. maí verðum við með kynningarfund á Zoom þannig að allir landsmenn hafi tækifæri á að kynna sér átakið, sjá nánar á facebook viðburðinum- **Átak í fjárfestingum á frumstigi - kynningarfundur á netinu**

Allar nánari upplýsingar veitir Örn Viðar Skúlason, fjárfestingastjóri Nýsköpunarsjóðs, orn.skulason@nyskopun.is – sími 895-5080



Fjölbreytt starf í Ráðhúsinu

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir starf þjónustufulltrúa laust til úmsóknar. Starfið er fjölbreytt og felst í almennri þjónustu við viðskiptavinum, verkefnum tengdum bókhaldi, skjalavörslu, innkaupum og greiðslu reikninga.

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun og/eða reynsla af skrifstofu- og afgreiðslustörfum
- Einhver reynsla af bókhaldi er kostur
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta
- Þekking á Navision bókhaldskerfi og One málaakerfi er kostur
- Skipulagsfærni og samvirkusemi

Ráðhúsið er lifandi og skemmtilegur vinnustaður með einstakan starfsanda, frábæra vinnuástöðu og öflugt starfsmannafélag.

Umsóknir sendist rafrænt á netfangið olof@hornafjordur.is. Frekari upplýsingar um starfið veitir Ólöf I. Björnsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs í síma 470-8018 eða á olof@hornafjordur.is. Umsóknarfrestur er til 24. maí.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 470-8000 / www.hornafjordur.is

Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400



Innskráning nýnema í Grunnskóla Hornafjarðar

Innritun barna sem fædd eru árið 2017 og eiga að hefja skólagöngu haustið 2023 fer fram í Grunnskóla Hornafjarðar 2.-15. maí 2023. Foreldrar eru beðnir um að skila tveimur innritunarblöðum útfylltum í skólann en þau eru inn á heimasíðu skólans <https://gs.hornafjordur.is/skolinn/eydublod/>.

Æskilegt er að senda innritunarblöðin í tölvupósti á elvao@hornafjordur.is en það má líka koma með þau í Hafnarskóla.

Verðandi nemendur í 1. bekk og foreldrar þeirra fá bréf í sumar með upplýsingum um skólastarfið en skólinn verður settur 22. og 23. ágúst.

Skólastjóri Grunnskóla Hornafjarðar



Laus störf á leikskólanum Sjónarhóli á Höfn

Leikskólinn Sjónarhóli á Höfn leitar að öflugum liðsaka, leikskólakennurum, þroskabjálfum, leikskólalíðum eða öðru uppeldisfræðimenntuðu starfsfólki.

Helstu verkefni

- Uppeldi og menntun barna.
- Faglegt starf og samvinna starfsfólks á leikskólanum.
- Foreldrasamstarf.

Hæfniskröfur

- Leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari eða önnur menntun sem nýttist í starfi.
- Starfsreynsla á leikskólastigi æskileg.
- Áhugi á börnum og velferð þeirra.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki, jákvæðni og metnaður.
- Stundvísir, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð íslenskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til 16. júní 2023

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir skal skila á netfangið mariannaj@hornafjordur.is. Með umsókn skal fylgja afrit af menntunargögnum ásamt ferilskrá og meðmælendum. Frekari upplýsingar veita Maríaanna í síma 4708491 og Elínborg í síma 4708492.

Áhugasamir af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um.

Atthugi er vakin á því að við ráðningu leikskólastarfsmanns er óskað eftir sakavottorði og að umsóknir geta gilt í 6 mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Laugardaginn 13.maí verður gönguferð í Morsárdal í Örafum, í Skaftafelli.

Útsýni er fallett í Morsárdal, við göngum aurana inn eftir dalnum og að Morsárlóni þar sem Morsárjökull blasir við. Erfiðleikastig göngunnar er metið sem tveir skór því þetta er dálítið langt, um 19 km samtals, en þar sem við förum ekki upp heiðina þá er hækkunin lítil og aflíðandi. Allir eru velkomnir í göngur ferðafélagsins, hundar er leyfðir í þjóðgarðinum en séu þeir með í för skulu þeir vera í taumi.



Sigrún Sigurgeirsdóttir leiðir gönguna. Lagt verður af stað frá Gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli kl.10:00. Mikilvægt er að huga að veðurspá og haga klæðnaði í samræmi við hana, einnig að muna eftir nestinu. Æskilegt er að þau sem vilja taka þátt í göngunni (eða fá frekari upplýsingar) hafi samband við Sigrúnu í s:864-5456.

Þátttökugjald í göngur Ferðafélagsins er kr. 1.000 fyrir einstaklinga, kr. 1.500 fyrir pör og frítt er fyrir 18 ára og yngri. – Í Skaftafelli þarf að greiða þjónustugjald sem er kr.1.000 fyrir 1-5 manna fólksbíl



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Brunavarnir – Austur- Skaftafellsýslu óskar eftir að ráða varaslökkviliðsstjóra

Varaslökkviliðsstjóri leysir af sinnir verkefnum Brunavarna Austur – Skaftafellsýslu þar með talið slökkvistarf, vinnu vegna mengunarsýsla, eldvarnaeftirlit, og önnur störf sem falla vegna hlutverks slökkviliðsins í samfélaginu og stendur bakvaktir í samræmi við ráðningarsamning.

Starfið er í samræmi við þann tilgang slökkviliðsins að tryggja sem best velferð íbúa og gesta á starfsvæði slökkviliðsins.

Starfslýsing

Er staðgengill slökkviliðsstjóra
Stendur skipulagðar bakvaktir

Hæfnis- og menntunarkröfur

- Löggilding sem slökkviliðsmaður, sbr. 17. gr laga nr. 75/2000. og hafa starfað í eitt eða meira í slökkviliðinu sem löggiltur slökkviliðsmaður.
- Reynsla og/eða haldgóð þekking á stjórnun slökkviliðsins. Umsækjendur þurfa að geta starfað undir álagi
- Leiðtogahæfni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Umsækjandi skal standast læknisskoðunarákvæði í viðauka reglugerðar 1088/2013, sbr 15. gr.

Umsóknarfrestur er til 24. maí 2023

Frekari upplýsingar veitir slökkviliðsstjóri í síma 4 70 80 15 eða á netfanginu borgthor@hornafjordur.is

Laun og starfskjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Tekið er á móti umsóknum í Ráðhúsi Hornafjarðar í umslagi merkt „varaslökkviliðsstjóri 2023“





Sumarafleysing í Áhaldahúsi

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir starfsmanni í Áhaldahús sveitarfélagsins til afleysinga yfir sumarið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Leitað er eftir einstaklingi sem á gott með að vinna með öðrum, hefur frumkvæði og er stundvís, metnaðarfullur og samviskusamur. Viðkomandi þarf að búa yfir sjálfstæðum vinnubrögðum og ríkri þjónustulund.

Starfið hentar öllum kynjum en æskilegur aldur er 20 ára eða eldri. Gerð er krafa um bílpróf og vinnuvélaréttindi er kostur.

Starfsmenn Áhaldahúss gegna fjölbreyttum störfum og sinna daglegum rekstri áhaldahúss sveitarfélagsins. Þeir annast framkvæmdir hjá Hornafjarðarveitum og sinna umhirðu opinna svæða, gatna og gangstétta.

Starfsmaður í sumarafleysingum myndi jafnframt taka á mót og leiðbeina þeim sem koma með úrgang á söfnunarstöð sveitarfélagsins. Ýmis önnur tilfallandi verkefni fylgja starfinu en þau fara eftir aðstæðum og álagi hverju sinni.

Laun eru greidd samkvæmt samningum Launanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga við FOSS BSRB eða Afl Starfsgreinafélag.

Umsóknarfrestur er til og með 17. maí næstkomandi.

Skriflegar umsóknir, ásamt ferilskrá, skulu berast á netfangið afgreidsla@hornafjordur.is en nánari upplýsingar um starfið veitir Skúli Ingólfsson, bæjarverkstjóri, í síma 470-8027.



FJÓRÐA TUNNAN

Í ljósi umræðu um fasteignagjöld, sorpgjöld og fyrirkomulag sorphirðu langar okkur að upplýsa meira um viðfangsefnið.

Vegna nýrra lagabreytinga um meðhöndlun úrgangs munu verða þær breytingar á sorpflokkun hér í sveitarfélaginu að við hvert heimili verða fjórar tunnur: Plast, pappi, lífrænt og síðan blandaður úrgangur. Í þessu yfirliti viljum við fara yfir þessar breytingar ásamt öðrum viðfangsefnum í málaflökknum.

Hvað?

Af hverju?

Hvernig?

Hvað skiptir það mig máli?

Lög um meðhöndlun úrgangs og skyldur sveitarfélaga

Miklar breytingar hafa orðið á lögum um meðhöndlun úrgangs og breytingarnar tóku flestar gildi 1. janúar 2023.

Markmið breytinganna er að stuðla að frekara hringrásarhagkerfi þar sem við drögum úr úrgangi og stuðlum að sjálfbærri auðlindanotkun. Ein lykilbreytingin er að sama flokkunarkerfi verður í gildi um allt land ásamt því að sömu merkingar verða notaðar fyrir tunnur og ílát sem á að einfalda flokkun og gera hana skilvirkari.

Í lögnum er einnig kveðið á um miklar skyldur sveitarfélaga í málaflökknum. Bæjarstjórn hefur því það hlutverk að ákveða fyrirkomulag söfnunar á úrgangi og ber ábyrgð á söfnun heimilisúrgangs. Þá er það á ábyrgð bæjarstjórnar að starfrækt sé móttöku- og söfnunarstöð í sveitarfélaginu.

Breytingarnar sem tóku gildi 1. janúar 2023 fela m.a. í sér strangari reglur á landsvísu um sérstaka söfnun heimilisúrgangs. Nú verður skylt að flokka úrgang í að minnsta kosti sjö flokka sem eru pappír, plast, lífúrgangur, textíll, málmar, gler og spilliefni. Helstu breytingarnar sem snerta því íbúa beint eru þær að núna verður flokkað í fjóra flokka við heimili í þéttbýli.

- Pappi og pappír
- Plast
- Lífúrgangur (matarleifar)
- Blandaður úrgangur / almennt sorp

Mikilvægasta breytingin er sú að nú verða úrgangsflokkarnir að vera aðskildir þegar

þeim er safnað og því er nauðsynlegt að gera breytingar á núverandi fyrirkomulagi við heimili og fyrirtæki. Sveitarfélagið er að vinna að sorpútboði þar sem samningur þess við Íslenska Gámafélagið rann út síðasta sumar. Ákveðið var að bíða með útboðið þar til í ár til þess að geta tekið mið af nýju lagabreytingunum.

Í ljósi þess að flestir íbúar hafa gert ráð fyrir þremur sorptunnum við sitt heimili þá er þessi krafa laganna um að flokkarnir verði fjórir mjög óhentug. Við gerum okkur grein fyrir því og umhverfis- og skipulagsnefnd, ásamt starfsfólki sveitarfélagsins, hefur velt upp öllum möguleikum um hvernig megi ná markmiðum laganna um fjóra aðgreinda flokka. Til að fá álit íbúa var gerð könnun en þátttakan var ekki næg til að gefa marktækar niðurstöður.

Skóðað hefur verið t.d. sá möguleiki að hafa tvískiptar tunnur en sú útfærsla krefst sérhæfðs og kostnaðarmeiri tækjabúnaðar til söfnunar.

Í dag eru almennt þrjár tunnur við hvert heimili: endurvinnslutunnan (240 lítra), tunna undir blandaðan úrgang / almennt sorp (240 lítra) og tunna undir matarleifar (140 lítra).

Breytingin sem lögð er til í útboðinu yrdi því sú að við hvert heimili væru fjórar tunnur. Tvær tunnur (240 lítra) undir pappír og pappa annars vegar og plastumbúðir hins vegar, og tvær tunnur (140 lítra) undir matarleifar og blandaðan úrgang. Sá möguleiki verður fyrir hendi að þau sem myndu ekki vilja fjórðu tunnuna geta óskað eftir íláti undir matarleifar (35 lítra) og sett það ýmist í tunnu undir plastumbúðir eða pappír og pappa. Ílátið myndi þó ekki kosta minna en tunna undir matarleifar vegna þess að markmið laganna er að fólk greiði fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangsins.

Við gerum okkur grein fyrir því að þetta kemur illa fyrir fólk sem hefur smíðað sorpskýli þar sem þrjár sorptunnur rúmast fyrir. Heimurinn í umhverfismálum er í hraðri þróun og þurfum við öll að leggja á árarar til að vinna saman að þeim markmiðum sem heimurinn hefur sett sér í umhverfis- og sorpmálum.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld

Samkvæmt lögum ber sveitarfélaginu að innheimta gjald fyrir meðhöndlun

úrgangs. Gjaldið má aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem það kostar sveitarfélagið að meðhöndla úrganginn og er því ekki um tekjuöflun að ræða. Í dag er gjaldið reiknað með þeim hætti að fast gjald er innheimt á hverja fasteign. Í framtíðinni mun þó álagning byggjast á svokallaðri “Borgaðu þegar þú hendir” aðferðafræði. Markmið hennar er að íbúar og fyrirtæki greiði fyrir þann úrgang sem þau henda, hvorki meira né minna.

Um áramótin tóku gildi nýjar álagningarreglur sveitarfélagsins fyrir árið 2023 þar sem sorphirðu- og sorpeyðingargjöld hækkðu um 10%. Þessi hækkun stafar því af þessum lagabreytingum og skyldu sveitarfélaga til að innheimta gjöld í samræmi við umfang úrgangs.

Fram til þessa hefur málaflökkurinn ekki staðið undir sér og núverandi hækkun mun heldur ekki leiða til þess. Hækkunin er þó hugsuð sem fyrsta skref í átt að því að innheimta fullnægjandi gjöld sem seinna verða eftir “Borgaðu þegar þú hendir” hugmyndafræðinni.

Ábyrgð okkar

Að lokum viljum við vekja athygli á því að á landvísu er áherslan nú á sjálfbærari notkun auðlinda og að minnka úrgangsmýndun. Öll sveitarfélög verða nú að róa saman í þá átt að stuðla að eflingu hringrásarhagkerfis. Þar skiptir máli framtak hvers og eins. Neysla okkar og venjur hafa þar svo sannarlega áhrif. Gott er að spyrja sig reglulega: Hvernig get ég sem einstaklingur haft áhrif í átt til betri nýtingar auðlinda og hráefna og minni úrgangsmýndunar? Allt skiptir máli, hvort sem það er hvernig við sjálf kaupum inn, hvernig við komum úrgangi frá okkur, hvaða hugmyndir við getum lagt í púkkið í málaflökknum og hvernig við tökum virkan þátt í okkar samfélagi í eflingu hringrásarhagkerfis.



Fyrir hönd Kex,
Guðrún Stefania Vopnþjörð Ingólfsdóttir
Helga Arnadóttir



Verkefnastjóri umhverfismála

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir verkefnastjóra umhverfismála hjá Sveitarfélaginu Hornafirði.

Starfslýsing

Verkefnastjóri umhverfismála ber ábyrgð á umhverfismálum í sveitarfélaginu og gegnir lykilhlutverki í umsjón og eftirfylgni verkefna tengd umhverfis- og loftslagsstefnu og umferðaröryggisstefnu sveitarfélagsins. Verkefnastjóri vinnur m.a. grænt bókhald, kemur að þátttöku stofnana í Grænum skrefum, leiðir innleiðingu hringrásarhagkerfis og fer með umsjón úrgangsmála sveitarfélagsins. Verkefnastjóri umhverfismála ber ábyrgð á að starfað sé í samræmi við lög, reglugerðir og stefnumörkun sveitarfélagsins á sviði umhverfismála. Hann leggur fram og fylgir eftir umhverfismálum á fundum umhverfis- og skipulagsnefndar, hefur umsjón með gæludýrahaldi, skipulagi og viðhaldi grænna svæða. Hann heldur utan um verkefni sem heyra undir umhverfismál með áætlanagerð, vöktun, útboðum og eftirliti vegna verkefna sem heyra undir umhverfismál. Þá heldur hann einnig utan um kynningarmál og fræðsluefni umhverfis- og skipulagssviðs á heimasíðu sveitarfélagsins.

Hæfnis- og menntunarkröfur

Háskólamenntun sem nýtist í starfi og þekking á umhverfismálum. Áhersla er lögð á þjónustulund, skipulögð vinnubrögð og útsjónarsemi, frumkvæði og sjálfstæði í starfi auk samskiptahæfni og getu til að vinna í samhentum hópi. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af verkefnastjórnun og stjórnarsýslu. Viðkomandi þarf jafnframt að vera vel tölvulæs og hafa þekkingu og reynslu af framsetningu kynningarefnis og notkun skjalakerfa.

Umsóknarfrestur er til 22. maí 2023. Umsóknum ásamt ferilskrá og kynningarbréfi skal skila á netfangið afgreidsla@hornafjordur.is

Frekari upplýsingar veitir Brynja Dögg Ingólfsdóttir, umhverfis- og skipulagsstjóri, í síma 470-8000 eða á netfanginu skipulag@hornafjordur.is



UPPSKRIFT VIKUNNAR

Naut og bernaise í þróun eftir Einar Smára Þorsteinsson

Það jafnast ekkert á við að fá sér naut og bernaise. Góð nautasteik þarf í sjálfu sér lítið annað en salt og pipar. Svo eru hinsvegar til marineringar sem að gefa steikinni aðra vídd. Ég sendi hér uppskrift inn sem er nú alltaf í þróun. Ég hef verið að prófa mig áfram og verið betrubæta uppskriftina. Ég skora síðan á bróðir minn, Ragnar Magnús Þorsteinsson, hann er vanur að galdra fram dýrindis veislur.



Marinering fyrir nautakjöt

1 dl balsamikedik
½ dl ólífuolía
½ dl púðursykur
2-3 pressaðir hvítlauksgeirar
2 tsk óreganó
1 tsk paprika
1 tsk timjan
1 tsk chiliflögur
1 tsk cayennepipar
sjávarsalt og nýmullinn pipar

Bernaise sósa (Fyrir 5-6manns)

500gr ísl smjör
6 eggjarauður
2-3 tsk bearnaise essens
2 tsk estragon
1 teningur nautakraftur
Hálft lime
1 tsk dijon sinnep
1 tsk cayennepipar

Aðferð nautakjöt

Blandið öllu hráefnunum saman og látið kjötið liggja allavega 2-3 tíma í ísskáp jafnvel yfir nótt. Því næst hef ég látið kjötið fara inn í ofn í 2-3 tíma þar til það nær 50° kjarnhita, það fer eftir þykkt á kjötinu hvað það þarf að vera á miklum hita, 70-90°. Því næst hef látið kjötið nokkrar mínútur á grillið, það er smekksatriði hvað viðkomandi vill hafa kjötið vel steikt.

Aðferð við bernaise sósu

Byrja á því að taka út smjör og egg, æskilegt að ná stofuhita. Aðskilja eggjarauður og eggjahvítur. Því næst bræðum við smjör og nautakraft saman, láta það kólna í 30mín. Yfirleitt hef ég handþeytt sósuna í vatnsbaði, þá með skál eða pott ofan í vatnsbaði á litlum hita. Byrjum á því að handþeyta eggjarauður þar til þær verða ljósar. Held áfram að þeyta og læt litla bunu af smjöri út í, þeyti í 15mín þegar allt smjörið er komið. Síðan enda ég á að blanda restinni af uppskriftinni saman við og þeyti í nokkra sekúndur.

SPURNING VIKUNNAR

Hvernig er stærðfræði á bragðið?



Hulda Laxdal Hauksdóttir
Oftast frekar súr en á það til að vera rosalega sæt þegar hún gengur upp



Lind Draumland Völundardóttir
Með jarðarberjabragði



Tim Junge
Sæt ef hún gengur upp



Herdís Ingólfsdóttir Waage
Með jarðarberjabragði

ORÐALEIT

KAKTUS
BÁRUJÁRN
ÁSKORUN
RÖKSTUÐNINGUR
ÞVERÞJÓÐLEGT
GLÆPASTARFSEMI
FRAMTÍÐARFRÆÐI
TÖLVUPÓSTUR
RÓS
DEMANTUR
TAPPI
KAFFIDROPI





DREYMIR ÞIG UM FASTEIGN Á SPÁNI EÐA TENERIFE?

NOVUS HABITAT býður heildarlausnir fyrir kaupendur fasteigna á Spáni með sérhæfingu í sölu nýbygginga á Costa Blanca og Costa Cálida svæðunum á Spáni og Tenerife. Við höfum um áranlangt skeið séð um fasteignakaup Íslendinga á Spáni. Við finnum réttu eignina, sjáum um allt sem viðkemur kaupferlinu, aðstoðum við innbú eigna og hjálpum kaupendur við að koma eign sinni í leigu hluta af ári, óski þeir þess. Auk þess aðstoðum við kaupendur við stofnun og uppbyggingu viðskiptatækifæra á Spáni.

FASTEIGNAKYNNING:

14. maí – kl. 16 til 18

Höfn í Hornafirði á Berayja hótél

Einnig er hægt að
bóka einkafund með
STEINU JÓNSDÓTTIR
steina@novushabitat.es



NOVUS HABITAT

FASTEIGNIR



novushabitat.es